# Skólanámskrá Víkurskóla 2025-2026

# Fag: Lífsleikni 9. bekkur

## Grunnþættir menntunar

Hér að neðan eru linkar í rit um grunnþætti menntunar














| **Fag við lok 10. bekkjar** | |
|---|---|
| **Hæfniviðmið**<br>**nemandi getur:** | **Námsleiðir** |
| **Lykilhæfni fyrir 8.–10. bekk**<br><br>**Tjáning og miðlun**<br><br>● **Hæfniviðmið:** | Námsleiðirnar sem hér eru dregnar saman endurspegla fjölbreyttar aðferðir sem kennarar geta nýtt til að styðja við nám og þroska nemenda í lífsleikni og umsjón. Þær tengjast hæfniviðmiðum aðalnámskrár í samfélagsgreinum, íþróttum og heilsueflingu, upplýsingatækni og lykilhæfni, og miða að því að efla sjálfsþekkingu, samskipti, samvinnu, ábyrgð, vellíðan og borgaravitund.<br><br>Listinn er ekki tæmandi, heldur ætlaður sem leiðbeinandi yfirlit yfir helstu námsleiðir sem nýtast í mismunandi samhengi. Hann býður upp á blöndu af |

| | |
|---|---|
| ○ Tjáð hugmyndir og tilfinningar á skýran og skipulegan hátt.<br><br>○ Tileinkað sér og nýtt fjölbreyttan orðaforða og hugtök sem tengjast ólíkum viðfangsefnum.<br><br>○ Brugðist við margvíslegum upplýsingum og hugmyndum, tekið þátt í umræðum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.<br><br>○ Valið úr fjölbreyttum leiðum til miðlunar.<br><br>○ Rætt á skýran hátt um málefni þannig að áhugi viðmælanda sé vakinn.<br><br>**Skapandi og gagnrýnin hugsun**<br><br>● **Hæfniviðmið:**<br><br>○ Spurt gagnrýninna spurninga og nýtt þær í rannsóknum.<br><br>○ Rökrætt álitamál frá ólíkum sjónarhornum.<br><br>○ Leyst fjölbreyttar áskoranir á skapandi hátt. | hefðbundnum og skapandi nálgunum sem hægt er að laga að þörfum og reynslu nemenda, ólíkum viðfangsefnum og fjölbreyttum kennsluaðferðum.<br><br>Markmiðið er að tryggja að nemendur fái tækifæri til að þjálfa fjölbreytta hæfni sem styður við persónulegan þroska, félagsfærni og lýðræðislega þátttöku. Áhersla er lögð á að nám í lífsleikni verði markvisst, virkt og fjölbreytt, þar sem unnið er bæði í einstaklingsvinnu og samvinnu við aðra.<br><br>Munnlegar kynningar, samræður og rökræður.<br><br>Ritun dagbóka, hugleiðinga eða persónulegra texta.<br><br>Æfingar í að velja miðil (myndband, kynning, ritgerð, skýrsla).<br><br>Hlutverkaleikir og tjáningarverkefni til að þjálfa sjálfsöryggi.<br><br>Vinnustofur með skapandi lausnaleit.<br><br>Umræðutímar um samfélagsleg álitamál.<br><br>Greining á fjölmiðlum og auglýsingum.<br><br>Æfingar í endurgjöf og ígrundun eigin vinnu.<br><br>Hópaverkefni með skýru hlutverkaskipulagi.<br><br>Nemendaþing þar sem teknar eru ákvarðanir í lýðræðislegri samvinnu.<br><br>Sjálfstæð verkefni með eftirfylgni í námsmappu. |

| | |
|---|---|
| ○ Tekið upplýsta afstöðu til gagna og upplýsinga, dregið ályktanir og túlkað þær.<br><br>○ Lært af mistökum og séð í þeim nýja möguleika til framfara.<br><br>○ Beitt ólíkum sjónarhornum og gagnrýninni hugsun í fjölbreyttum viðfangsefnum.<br><br>**Sjálfstæði og samvinna**<br><br>● **Hæfniviðmið:**<br><br>○ Sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum.<br><br>○ Tekið ákvarðanir um eigið nám og hagsmuni með lýðræðislegum hætti.<br><br>○ Unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi.<br><br>○ Nýtt sér leiðsögn og endurgjöf á uppbyggilegan hátt. | Markviss endurgjöf jafningja og kennara.<br><br>Heimildaleit og heimildaskráning.<br><br>Greining á falsfréttum og áróðri.<br><br>Æfingar í að nýta myndræna og stafræna miðlun (plakat, myndband, kynning).<br><br>Einstaklingssamtöl og sjálfsmatsblöð.<br><br>Ferilmappa með reglulegri ígrundun.<br><br>Áætlanagerð um framtíðarnám og starfsferil.<br><br>Notkun vaxtarhugarfars (growth mindset) æfinga. |

| | |
|---|---|
| ○ Sinnt hlutverki sínu í samstarfi og axlað ábyrgð.<br><br>**Nýting miðla og upplýsinga**<br><br>● **Hæfniviðmið:**<br><br>○ Greint á milli áreiðanlegra og óáreiðanlegra miðla.<br><br>○ Nýtt ólíka miðla á ábyrgan hátt til að afla og miðla upplýsingum.<br><br>○ Valið traustar heimildir og sett fram á siðferðilega ábyrgan hátt.<br><br>**Ábyrgð og mat á eigin námi**<br><br>● **Hæfniviðmið:**<br><br>○ Sett sér fjölbreytt og skapandi markmið á grunni styrkleika.<br><br>○ Skilið og rökstutt viðmið um árangur. | |

| | |
|---|---|
| ○ Sett sér raunhæf og metnaðarfull markmið um nám og frammistöðu.<br><br>○ Skipulagt og ígrundað eigið nám og borið ábyrgð á því.<br><br>○ Nýtt upplýsingar um námsleiðir og störf við skipulagningu starfsferils. | |
| **Samfélagsgreinar**<br><br>**Sjálfsmynd**<br><br>● **Hæfniviðmið:**<br>Útskýrt hvernig sjálfsmynd mótast, fjallað um lífsviðhorf, greint staðalmyndir og fordóma, þekkt eigin styrkleika, áskoranir og áhugasvið, beitt hugtökum kynjafræði, þekkt margbreytileika tilfinninga og virt mörk í samskiptum.<br><br>**Borgaravitund** | **Kennsluaðferðir:**<br>Persónuleg ígrundun og dagbókaskrif.<br><br>Umræður um fordóma, fjölmiðla og staðalmyndir.<br><br>Sjálfsmyndaverkefni (t.d. áhugakort eða styrkleikakort).<br><br>Æfingar í samskiptahæfni og mörkum.<br><br>Nemendaþing um reglur og lýðræði.<br><br>Umferðarfræðsla með verkefnum og leikjum.<br><br>Þátttaka í samfélagsverkefnum eða umræðum um mannréttindi. |

| | |
|---|---|
| • **Hæfniviðmið:** Útskýrt hlutverk reglna, lýðræðis og borgaravitundar, ígrundað eigin getu til aðgerða, sýnt ábyrga hegðun í umferðinni.<br><br>**Jörðin okkar**<br><br>• **Hæfniviðmið:** Varpað ljósi á ábyrgð á náttúruvernd, borið saman menningarheima, útskýrt áhrif mannlegra athafna á loftslag og auðlindanýtingu. | Umhverfisverkefni (t.d. loftslagskort eða rannsókn á kolefnisspori).<br><br>Samanburður á menningarheimum með myndrænum verkefnum.<br><br>Vettvangsferðir eða verkefni tengd sjálfbærni. |
| **Skólaíþróttir**<br><br>**Félagslegir þættir**<br><br>• **Hæfniviðmið:** Skilið mikilvægi virðingar, liðsanda og leikreglna.<br><br>**Heilsa og heilsuefling** | Hópíþróttir með áherslu á liðsheild.<br><br>Umræður um sanngirni, virðingu og réttlæti í leik.<br><br>Einstaklingsáætlanir um hreyfingu og vellíðan.<br><br>Sjálfsmat á markmiðum og framvindu. |

| | |
|---|---|
| • **Hæfniviðmið:**<br>Sett sér markmið í heilsurækt og metið árangur. | |
| **Upplýsinga- og tæknimennt**<br><br>**Stafræn borgaravitund**<br><br>• **Hæfniviðmið:**<br>Nýtt stafræna tækni til vellíðunar, þekkt áhrif samfélagsmiðla, verndað sig á netinu, fylgt siðareglum og þekkt stafrænt fótspor. | Umræður og verkefni um samfélagsmiðla.<br><br>Æfingar í öryggi á netinu.<br><br>Sköpun stafræns efnis með siðferðislegum ramma. |